

31. fundur skólanefndar haldinn Reykholtsskóla, Reykholti,
mánudaginn 25. september 2023, kl. 15:30.

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, formaður, var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún S. Magnúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Grímur Kristinsson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfdanardóttir, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, Hekla Hrönn Pálsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni og Ásta Stefánsdóttir. Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, boðaði forföll. Hildur Hálfdanardóttir, varaformaður, stýrði fundi í fjarveru formanns.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fundaráætlun skólanefndar 2023-2024 - 2309019

Fundaráætlun skólanefndar 2023-2024

Lögð var fram áætlun um fundardaga nefndarinnar á skólaárinu. Skólanefnd samþykkir áætlunina.

2. Reglur um stuðning við nema í leikskólakennarafræðum - 2306041

Tillaga að reglum um stuðning við nema í leikskólakennarafræðum, vísað til skólanefndar af sveitarstjórn á 338. fundi.

Lagðar voru fram reglum um stuðning við nema í leikskólakennarafræðum. Reglurnar taka til starfsmanna sem leggja stund á nám í leikskólakennarafræðum eða íslenskubró yfir í kennslu- og uppeldisstörf.

Markmið reglnanna er að fjölga leikskólakennurum og efla starfsþróun leikskólakennara í leikskólum Bláskógabyggðar.

Skólanefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti og leggur til við sveitarstjórn að þær verði samþykktar.

3. Kjarasamningur BSRB 2023 - 2306039

Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og BSRB 01.04.2023 til 31.03.2024. Kynning Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð voru fram gögn um nýlegan kjarasamning við BSRB, sem auk launatófluhækkunar og sáttgreiðslu, felur í sér sérstaktar greiðslur lægstu launa frá 1. apríl 2023 og viðbótarlaun á einstök starfsheiti frá 1. október 2023.

4. Samstarf eða styrkur til ADHD samtakanna - 2308002

Samstarf eða styrkur til ADHD samtakanna

Erindi ADHD samtakanna, sem sveitarstjórn vísaði til skólanefndar, var lagt fram. Þar er óskað eftir samstarfi við Bláskógabyggð um aukna fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu um

GA

HS

OK SFS

HH

GSM

64

LSJ

ADHD og fyrir fólk með ADHD. Samstarfið gæti verið í formi reglulegs námskeið ahalds fyrir starfsmenn sveitarfélagsins sem vinna með börnum með ADHD eða beins styrks við starfsemi samtakanna á svæðinu.

Starfsfólk Bláskógaskóla á Laugarvatni sótti námskeið á vegum ADHD samtakanna í haust. Skólanefnd leggur í hendur stjórnenda að skipuleggja námskeiðshald eftir þörfum.

5. Starfsáætlunir leik- og grunnskóla 2023-2024 - 2309020

Starfsáætlun leikskólans Álfaborgar
Starfsáætlun Reykholtsskóla
Starfsáætlun Bláskógaskóla Laugarvatni

Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri, kynnti starfsáætlun Bláskógaskóla Laugarvatni og staðfestir skólanefnd áætlunina.

Lára B. Jónsdóttir, skólastjóri, kynnti starfsáætlun Reykholtsskóla og staðfestir skólanefnd áætlunina.

Guðbjörg Gunnarsdóttir kynnti áætlun leikskólans Álfaborgar í forföllum Lieselot Simoen, leikskólastjóra og staðfestir skólanefnd áætlunina.

6. Námsleyfasjóður vegna skólaársins 2023-2024 - 2209035

Yfirlit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 16.05.2023 yfir úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla

Yfirlitið var lagt fram.

7. Forvarnaverkefni 2022 - 2201037

Tilnefning aðila í stýrihóp um forvarnastefnu

Skólanefnd frestar tilnefningu til næsta fundar.

8. Skóladagatal 2023-2024 - 2303003

Skóladagatal Bláskógaskóla Laugarvatni, haustþing kennara 29. sept. 2023.

Íris Anna Steinarrsdóttir óskaði eftir að gerð yrði breyting á skóladagatali þannig að starfsdagur verði föstudaginn 29. september vegna haustþings KÍ. Skólanefnd samþykkir breytinguna enda rúmast hún innan hámarksfjölda starfsdaga.

9. Skólastefna - 2309028

Fyrirhuguð vinna við endurnýjun skólastefnu

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að vinna við gerð skólastefnu sé um það bil að hefjast. Á dagskrá sveitarstjórnarfundar í vikunni er skipan í stýrihóp og verður óskað eftir tilnefningum fulltrúa skólastjórnenda, kennara, foreldra og nemenda.

10. Viðhald Bláskógaskóla Laugarvatni 2023 - 2305005

Staða viðhaldsverkefna við Bláskógaskóla Laugarvatni

Í sumar var skipt um glugga á hluta afhúsinu og unnið að múrviðgerðum. Hurðir á efri hæð eru í þöntun.

Þakjárn var endurnýjað á þaki Aspar og rennur endurnýjaðar og skipt um rúður.

Frárennsli frá skólanum var lagfært í tengslum við endurnýjun fráveitu. Eftir er að setja upp fituskilju.

Skipt verður um dúk á leikskólahlutanum í október, þ.e. anddyri og á gangi.

Húsið verður málað að utan í haust, ef veður leyfir.

Handwritten signatures and initials: HS, GG, HH, AS, S/S, GSM, LBJ, 65

11. Viðhald Reykholtsskóla 2023 - 2305004

Staða viðhaldsverkefna við Reykholtsskóla

Gólfefni á innri hluta gangs á efri hæð voru endurnýjuð ásamt loftakæðningu. Sett verður upp lyfta í skólanum í jólafríinu.

12. Endurnýjun gervigrasvalla - 2209017

Endurnýjun gervigrasvallar á Laugarvatni


Í haust hefur verið unnið að endurnýjun gervigrasvallar við Bláskógaskóla Laugarvatni, búið er að endurnýja mottu og lagnir. Eftir er að ganga frá í kringum völlinn þar sem malbik var sagað upp.


13. Göngustígur frá Lindarbraut að Laugarbraut (Lindargarður) - 2308011

Gönguleið frá Bláskógaskóla Laugarvatni að íþróttahúsi

Framkvæmdir eru hafnar við gerð göngustígs í gegnum Lindargarð og neðan við húsið Heimaklett. Gengið verður frá upphækkuðum gangbrautum við báða enda stígsins og lýsing sett upp með stígnum og við gangbrautar.

Fundi slitið kl. 16:50.


Guðrún S. Magnúsdóttir



Sveinn Ingi Sveinbjörnsson


Grímur Kristinsson


Harpa Sævarsdóttir


Hildur Hálfdanardóttir


Guðbjörg Gunnarsdóttir


Lára Bergljót Jónsdóttir


Hekla Hrönn Pálsdóttir


Íris Anna Steinarrsdóttir

Asta Stefansdottir

Asta Stefánsdóttir